

Mánudaginn 13. nóvember 1972.

Nr. 171/1971. **Hagtrygging h/f**
 (Hjörtur Torfason hrl.)
 gegn
Garðari Magnússyni
 (Kristinn Einarsson hrl.)
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Endurkrafa váttryggingafélags samkvæmt 73. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1971 og krafizt þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 120.476.00 með 7% ársvöxtum frá 9. apríl 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. nóvember 1971. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi fékk gjafvörn hér fyrir dómi 11. október 1972.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi, en slys það, sem mál þetta er af risið, varð sjö og hálfum mánuði eftir að ákvæði um hægri umferð tóku gildi.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 25.000.00.

Gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Hagtrygging h/f, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, er renni í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. okóber 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m., hefur Hagtrygging h/f hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Garðari Magnússyni, Háholti 28, Akranesi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 120.476.00 með 8% ársvöxtum frá 9. apríl 1969 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins var vaxtafótur vaxtakröfunnar lækkaður í 7% ársvexti.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafizt, að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð og verði þá jafnframt kveðið á um skiptingu sakar. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Með bréfi, dagsettu hinn 10. nóvember 1970, veitti dómsmálaráðherra stefnda gjafvörn í máli þessu, og var Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Málavextir eru þeir, að um kl. 1225 hinn 11. janúar 1969 ók stefndi bifreið sinni, E 719, austur þjóðveginn frá Akranesi. Á móts við bæinn Innsta—Vog varð árekstur á milli bifreiðarinnar og bifreiðarinnar Þ 1416, sem ekið var eftir þjóðvegnum á leið til Akraness. Báðar bifreiðarnar eru fólksbifreiðar. Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang. Gáfu þeir skýrslu um atburðinn og gerðu uppdrátt af vettvangi. Í skýrslunni kemur fram, að áreksturinn hafi orðið með þeim hætti, að bifreiðinni E 719 hafi verið ekið austur þjóðveginn frá Akranesi, en bifreiðinni Þ 1416 hafi verið ekið vestur. Hafi ökumaður Þ 1416 sagzt hafa ekið á 55—60 km hraða miðað við klukkustund og hafi hann séð E 719 koma á móti sér á vinstri vegarhelmingi, en hann hafi talið, að bifreiðinni yrði sveigt yfir að

hægri brún akbrautarinnar, áður en þeir mættust. Ökumaður E 719, stefndi í máli þessu, var strax fluttur í sjúkrahús Akraness, þar sem hann virtist vera talsvert meiddur. Kvaðst hann aðspurður ekki geta gert sér grein fyrir árekstrinum, enda hálfvankaður eftir höggið. Ökumaður bifreiðarinnar Þ 1416 og eigandi hennar, sem einnig var í bifreiðinni, voru einnig fluttir í sjúkrahús Akraness. Bifreiðarnar voru báðar óökufærar, og var bifreiðaeftirlitsmaður kvaddur á vettvang til frekari skoðunar á þeim. Hemlaför Þ 1416 mældust 25 m, en E 719 20 m. Þjóðvegurinn er malarborinn, og var færi þurrt. Dagsbirta var og bjart veður, er áreksturinn varð. Samkvæmt uppdrætti af vettvangi er vegurinn þarna um 7.80 m breiður, og hefur áreksturinn orðið á vinstri vegarhelmingi E 719 miðað við akstursstefnu hennar, og eru tæpir 2 m frá vinstri hlið bifreiðarinnar að vinstri vegarbrún. Eru hemlaför eftir bifreiðina einnig á vinstra vegarhelmingi miðað við akstursstefnu hennar.

Í skýrslu Helga Andréssonar lögregluþjóns, er hann gerði á slysdegi, skýrir hann svo frá, að hann hafi flutt stefnda í sjúkrahús Akraness, þar sem hann hafi virzt mikið slasaður. Helgi kveður ekki hafa reynzt unnt að ganga úr skugga um eða gera sér grein fyrir, hvort stefndi væri undir áhrifum áfengis eða ekki, og því hafi hann fengið Braga Níelsson lækni til þess að taka úr honum blóð til alkóhólákvörðunar. Hafi blóðsýnishornið síðan verið sent til rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens í Háskóla Íslands til alkóhólákvörðunar, merkt blóðsýnishorn 1/1969. Sigurður Guðjónsson bifreiðaeftirlitsmaður hefur í skýrslu, dags. 11. janúar 1969, skýrt svo frá, að hann hafi að beiðni lögreglunnar á Akranesi skoðað bifreiðarnar E 719 og Þ 1416, sem höfðu lent í hörðum árekstri rétt hjá Innsta—Vogi við Akranes. Kveður hann bifreiðina E 719 af gerðinni Opel Caravan, árgang 1955, hafa lent beint framan á bifreiðinni Þ 1416 og skemmzt það mikið, að bifreiðin E 719 væri að hans dómi ónýt. Kveður hann m. a. grindina í sundur báðum megin rétt aftan við framhjól. Sigurður kveður bifreiðina Þ 1416 hafa skemmzt mikið að framan, en stýrisgangur og hemlar hafi verið í lagi.

Í vottorði rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens um niðurstöður alkóhólrannsóknar, sem framkvæmd var hinn 13. janúar 1969 á blóðsýnishorni merktu Akranes 1/1969, kemur fram, að í því hafi fundizt reduserandi efni, er samsvari 1.28% af alkóhóli.

Um ástand stefnda við komuna í sjúkrahús Akraness segir svo í vottorði Páls Gíslasonar læknis:

„Hér með vottast, að hinn 11. jan. 1969 var komið með Garðar Pétur Magnússon, Háholti 28, Akranesi, (f. 1. 1. 1924) hingað á sjúkrahúsið.

Hafði hann slasast við bifreiðaárekstur rétt utan við Akranes. Við skoðun kom í ljós:

- 1) Hægri ganglim er haldið útróteruðum í mjaðmarlið og veldur hreyfing þar miklum sársauka. Er fjaðrandi mótstaða við hreyfingum, og sjúklingurinn getur ekki sjálfur hreyft fótinn.
- 2) Á vinstra hné er grunnur skurður ca. 7 cm langur.

Röntgenmyndataka af h. mjöðm sýndi, að lærbeinshaus var úr liðnum, og hafði brotnað út úr skálinni: (acatabulum).

Fljótlega eftir komu var sjúkl. svæfður og gert að liðhlaupinu, en 15. jan. síðan enn gerð aðgerð til að laga liðhlaupið, og liggur sjúkl. nú í gipsi hér á sjúkrahúsinu. Erfitt er að segja ákveðið um batahorfur að sinni.“

Hinn 21. janúar 1969 tók lögreglan skýrslu af stefnda, er var þá sjúklingur í Sjúkrahúsi Akraness, en hinn 20. febrúar hófst dómsrannsókn fyrir sakadómi Akraness út af atburði þessum. Kvaðst stefndi hafa verið á leið að öskuhaugunum við Berjadalsá, er umræddur atburður varð. Kvaðst hann hafa litið á hraðamæli bifreiðarinnar, er hann ók yfir Miðvogslækinn, og hafi mælirinn þá sýnt 45 km miðað við klukkustund. Kvaðst stefndi hafa ekið eftir miðjum veginum, er hann tók eftir bifreið, er kom á móti skammt austan við lækinn, en þar sem hann hafi verið að hugsa um annað, taldi hann það hafa valdið því, að hann hafi ósjálfrátt beygt snögg til vinstri og hemlað um leið. Kvaðst hann hafa verið að hugsa um það, hvað veðrið væri gott og hægt hefði verið að róa þennan dag, en stefndi var á þessum tíma sjómaður. Kvað hann mega rekja orsök árekstrarins til þessa gáleysis síns. Stefndi kvaðst hafa áttað sig á því, um leið og hann hemlaði, að hann var á röngum vegarhelmingi, en kvaðst ekki hafa talið fært að víkja yfir á hægri vegarhelming, vegna þess hve stutt var milli bifreiðanna og hve allt varð með snöggum hætti, og því hafi sér ekki tekizt að koma í veg fyrir árekstur. Taldi stefndi, að hann hefði ekið á 50—55 km hraða, er hann hemlaði. Stefndi kvað sér hafa virzt bifreiðin, sem á móti kom, hafa verið á mikilli ferð, en ekki kvaðst hann geta gizzað á hraða hennar.

Eftir áreksturinn kvaðst hann aðeins hafa stigið út úr bifreiðinni í vinstri fót, en sett sýðan undir stýri og setið þar, þar til lögreglan kom að. Stefndi kvaðst hafa fundið til mikils sársauka í hægri mjöðm og kvaðst því hafa tekið flösku með vínblöndu úr mælaborði bifreiðarinnar og drukkið allmikið af þessari blöndu, eða niður fyrir miðja flösku, sem hafi verið axlarfull. Hann kvað sér hafa liðið betur eftir að drekka áfengið og kvaðst hafa fundið til ölvunaráhrifa, er lögreglan kom að. Hann kvaðst hafa séð lögreglubifreiðina koma og þá sett flöskuna í hólfið undir aftursæti bifreiðarinnar, áður en hann fór út úr henni. Stefndi kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni, og kvaðst ekki hafa neytt áfengis um morguninn eða kvöldið áður. Hann kvaðst heldur ekki hafa tekið inn nein lyf og ekki verið undir áhrifum þeirra. Hann kvaðst heldur ekki hafa verið óeðlilega syfjaður, þreyttur eða miður sín. Hann kvað bifreið sína hafa verið í lagi og kvaðst ekki hafa orðið var við, að stjórnþæki hennar væru í ólagi við aksturinn.

Kristján Elfar Ingvarsson, eigandi bifreiðarinnar Þ 1416, skýrði svo frá, að hann hafi setið við hlið Grétars, ökumannsins í bifreið sinni, er slysið varð. Kvað hann þá hafa verið að koma frá öskuhaugunum, sem þarna eru skammt fyrir innan. Hann kvað Grétar hafa ekið eðlilega, á 60 km hraða í mesta lagi, og kvaðst hann hafa séð bifreiðina E 719 á vinstri vegarhelmingi, en akstur hennar virtist óákveðinn, og kvaðst Kristján hafa haldið, að ökumaðurinn mundi átta sig og sveigja yfir á hægri vegarhelming, áður en þeir mættust, en það hafi engum togum skipt, að áreksturinn hafi orðið. Kristján kvað Grétar hafa hemlað, en ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir, hvað ferðin hafi minnkað mikið, er áreksturinn varð. Hann kvað áreksturinn hafa verið allharðan og hafi þeir báðir kastast fram og lent með höfuðið upp í sólskyggni fyrir ofan framrúðu bifreiðarinnar, en rúðan hafi ekki brotnað. Við áreksturinn kvað Kristján þá Grétar hafa skorizt á enni og einnig hafi þeir marizt á hnjám og hafi verið gert að sárum þeirra í sjúkrahúsinu. Kristján kvaðst álíta, að hraði bifreiðarinnar E 719 hafi ekki verið meiri en bifreiðar sinnar, eða um 60 km miðað við klukkustund, en þó sé það ágizkun. Kristján kvað þá Grétar hafa stigið strax út úr bifreiðinni og gengið að hurðinni á bifreið stefnda, þar sem hann hafi setið undir stýri. Kristján kvað Grétar hafa spurt stefnda að því, hvort hann væri meiddur, og

hafi stefndi svarað neitandi, en þó kvartað um sársauka í mjöðm. Hafi hann stigið aðeins út úr bifreiðinni, en sett fljótt upp í hana aftur. Kristján kvað þá Grétar hafa sezt fljótlega inn í bifreið, sem þarna kom á staðinn, og hafa setið þar, þangað til lögreglumenn komu þar að. Hann kvað lögregluna hafa komið fljótlega þar að, en farið aftur niður í bæ til að sækja sjúkrakörfu og hafi þeir Grétar setið á meðan í jeppabifreiðinni, en stefndi hafi alltaf setið í sinni bifreið. Ekki kvaðst Kristján hafa fylgzt með stefnda, á meðan á þessu stóð, og kveðst ekki geta borið um það, hvað hann aðhafðist í bifreið sinni. Ekki kvaðst Kristján hafa séð stefnda drekka úr flösku eða vera með hana. Ekki kvaðst Kristján geta fullyrt, hvort stefndi hafi verið undir áfengisáhrifum. Hann kvað stefnda hafa verið fölan og eins og utan við sig, en ekki kvaðst hann geta borið um það, hvort hann væri undir áfengisáhrifum þarna í bifreiðinni. Kristján kvað hægt hafa verið að aka meðfram bifreiðunum á veginum eftir áreksturinn.

Grétar Guðni Guðnason, ökumaður bifreiðarinnar Þ 1416, kvaðst ekki hafa verið á neinn hátt illa fyrir kallaður, er umræddur atburður varð. Hann taldi sig hafa ekið á um 60 km hraða, er hann sá bifreiðina E 719 koma á móti. Hann kvaðst ávallt hafa talið, að bifreiðinni E 719 mundi verða ekið yfir á hægri vegarhelming, áður en bifreiðarnar mættust. Hann kvað sig hafa stigið létt á hemla og dregið úr ferð bifreiðar sinnar, en ekki snarhemað. Hann kvað akstur bifreiðarinnar E 719 hafa verið óöruggan og hafi bifreiðinni verið ekið á vinstri vegarhelming miðað við akstursstefnu hennar. Grétar kvaðst fljótlega hafa farið út úr bifreið sinni eftir áreksturinn og að hurð bifreiðar stefnda, þar sem hann sat undir stýri. Kvað Grétar stefnda hafa verið miður sín, en ekki kvaðst hann hafa séð ölvunareinkenni á honum og ekki hafa fundið af honum neina áfengislykt. Grétar kvaðst síðan hafa sett inn í jeppabifreið, sem þarna kom, og hafi hann ekki fylgzt með stefnanda í bíl hans eftir það, og ekki kvaðst Grétar hafa séð stefnda með flösku.

Helgi Andrússon lögregluþjónn, er kom á slysstaðinn, skýrði svo frá, að sér hafi virzt stefndi þannig slasaður, að ekki væri rétt að flytja hann nema í sjúkrakörfu. Hann kvað stefnda hafa staðið við bifreið sína vinstra megin og hafi þeir átt orðaskipti um meiðsli stefnda og hafi stefndi saggt finna til í fætinum. Helgi kvað stefnda hafa verið eins og utan við sig, og virtist honum Garðar hálf drafandi eða loðmæltur. Einnig kvað hann

stefnda hafa verið dálítið voteygðan og kvaðst hafa talið þetta stafa af slysinu. Helgi kvaðst hafa stjórnað bifreið þeirri, sem ók stefnda til sjúkrahússins, og kvaðst eiginlega ekki hafa komið þannig að stefnda, að hann hafi andað að vitum hans, og kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt af stefnda. Helgi kvaðst hafa beðið læknana í sjúkrahúsinu að taka strax blóð til alkóhól-rannsóknar úr stefnda til varúðar, þar sem slysið og tjónið virtist það mikið, en ekki kvaðst hann hafa rökstudda ástæðu til að ætla, að stefndi væri undir áfengisáhrifum. Kvaðst Helgi þekkja stefnda og kvaðst ekki hafa talið hann hafa haft greinileg áfengiseinkenni.

Með bréfi, dagsettu 26. september 1969, heimilaði saksóknari ríkisins að ljúka máli stefnda vegna meints umferðarlaga-brots með dómssátt, og var brot hans talið varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 45. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 Hinn 19. janúar 1970 lauk málinu með réttarsátt, þar sem stefndi gekkst undir að greiða kr. 1.500.00 sekt í ríkissjóð svo og málskostnað.

Stefnandi var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar E 719 og greiddi kr. 120.476.00 í kostnað við viðgerð á bifreiðinni Þ 1416 vegna greinds árekstrar. Með hliðsjón af atvikum að árekstrinum taldi stefnandi sig eiga endurkröfurétt á hendur stefnda fyrir þeirri fjárhæð, sem greidd var í skaðabætur vegna árekstrarins. Samkvæmt 76. gr. laga nr. 40/1968 óskaði stefnandi eftir úrskurði nefndar þeirrar, sem þar er tilgreind, um heimild til að endurkrefja stefnda. Með úrskurði nefndarinnar 14. nóvember 1969 taldi hún rétt, að stefndi yrði endurkrafinn, en vegna hárrar tjónsfjárhæðar var stefnanda heimilað að semja um lægri endurkröfu, ef tjónvaldur vildi ganga til samninga um málið. Með bréfi, dagsettu hinn 14. apríl 1970, krafði lögmaður stefnanda stefnda um tjónbætur að fjárhæð kr. 120.476.00, er stefnandi hafði greitt vegna umrædds tjóns á bifreiðinni Þ 1416. Stefndi hafnaði endurkröfu stefnanda, sem síðan hefur höfðað mál þetta.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að með hliðsjón af atvikum að árekstri þeim, sem fram hafi komið við rannsókn málsins, þ. á. m. samkvæmt framburði stefnda sjálfs svo og viðurkenningu hans á umferðarlagabrotum sínum, sé augljóst, að stefndi hafi valdið árekstrinum af stórkostlegu gáleysi með því að aka bifreið sinni, án þess að vera með hugann við aksturinn, á röngum vegarhelmingi og eigi hann með því aksturslagi einn alla sök

á árekstrinum. Ljóst sé, að stefndi beri einn ábyrgð á öllu því tjóni, sem af akstri hans hlautzt. Stefnandi, sem greitt hafi skaðabætur fyrir tjón það, er af akstri stefnda hlautzt, og nema stefnufjárhæðinni í máli þessu, eigi því tvímælalaust endurkröfu á hendur stefnda um þá fjárhæð samkvæmt 73. gr., sbr. 76. gr. laga nr. 40/1968 og a lið 9. gr. váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingarinnar.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að hann hafi alls ekki sýnt stórkostegt gáleysi við akstur sinn, er umræddur atburður varð. Er því haldið fram, að ökumaður Þ 1416 hafi alls eigi sýnt þá varkárni, sem gera verði kröfu til, enda hafi hann ekið með meiri hraða og uppdráttur af vettvangi bendi til þess, að akstur hans hafi verið óákveðinn frekar en að um slíkt hafi verið að ræða hjá stefnda. Er sérstaklega á það bent, að ef ökumaður Þ 1416 hefði vikið alveg út að hægri vegarbrún, þá hefði verið hægt að komast hjá árekstrinum.

Upphafsaðkvæði 9. gr. hinna almennu tryggingarskilmála ábyrgðartryggingar blfreidar stefnda og a liður greinarinnar eru svohljóðandi:

„Félagið áskilur sér rétt til þess samkvæmt ákvæðum 1. gr. auglýsingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins frá 25. október 1929 um bifreiðaváttryggingar að krefjast endurgreiðslu frá váttryggingartaka eða öðrum váttryggðum, ef tjónið hefur orðið með þeim hætti, sem hér segir:

a) af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni . . .“

Krafa stefnanda er ekki byggð á því, að stefndi hafi verið ölvaður við akstur bifreiðar sinnar.

Það er að vísu ljóst, að rekja má orsök umrædds árekstrar til gáleysis stefnda, en þegar virt eru atvik að umræddum atburði og með tilliti til þess, sem telja verður fram komið um huglæga afstöðu stefnda til hans, þá þykir varhugavert að telja, að stefndi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 73. gr. umferðarlaga. Verður því stefndi sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmans, sem ákveðast kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Garðar Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hagtryggingar h/f, í máli þessu. Málskostnaður

fellur niður. Mátvarnarláun skipaðs talsmanns stefnda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.
